



# **Eftirlit með bönnuðum parabenum í snyrtivörum frá löndum utan EES- svæðisins**

– *Samantektarskýrsla*



## 1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara.

Það er mikilvægt að tryggja að allar snyrtivörur á markaði séu öruggar og uppfylli kröfur reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiðir reglugerð Evrópusambandsins nr. 1223/2009 sama heitis. Þá er nauðsynlegt að ganga úr skugga um að snyrtivörur hér á markaði innihaldi ekki bönnuð efni.

Þann 30. október 2014 tók gildi hér á landi bann við framleiðslu snyrtivara sem innihéldu eftirfarandi paraben: bensýl-, ísóbútýl-, ísóprópýl-, pentýl- og fenýlparaben. Frá og með 30. júlí 2015 mátti ekki selja snyrtivörur sem innihéldu framangreind paraben. Heimilt er áfram að nota bútýl-, etýl-, metýl- og própýlparaben í snyrtivörum.

Með þessu verkefni sinnir stofnunin því hlutverki sínu skv. efnalögum að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir þau.

## 2. Tilgangur og markmið

- Að skoða innihaldslýsingu á umbúðum snyrtivara sem framleiddar eru utan evrópska efnahagssvæðisins (EES) í þeim tilgangi að athuga hvort slíkar vörur innihaldi bönnuð paraben, þ.e. bensýl-, ísóbútýl-, ísóprópýl-, pentýl- og fenýlparaben. Um er að ræða snyrtivörur á borð við augnfarða, fljótandi hörundsáburð, sjampó og hárnæringu.
- Að fræða birgja og söluaðila um reglugerðir sem gilda um snyrtivörur og kröfur um merkingar og takmarkanir um innihaldsefni.
- Að auka neytendavernd.

## 3. Framkvæmd

Fyrirtækin í úrtaki eftirlitsins voru valin með hliðsjón af því hve þær fluttu inn mikið af snyrtivörum sem framleiddar voru utan EES-svæðisins samkvæmt upplýsingum frá Tollstjóra um tollafgreiðslu á árinu 2015. Úrtakið takmarkaðist við vörur sem fluttar voru inn frá Bandaríkjunum, Kanada og Kína. Í töflunni hér að neðan er listi yfir þau 10 fyrirtæki sem lentu í úrtaki, vöruflokka þeirra og frá hvaða landi vörunar komu.

Fyrirtæki	Vöruflokkur	Land
Artica hf.	Augnfarði	Kanada og Bandaríkin
Kostur lágvöruverðsverslun ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Medico ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin



Parlogis ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Nathan & Olsen hf.	Fljótandi hörundsáburður	Bandaríkin
Bændahöllin ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Kína
Gyðja Collection ehf.	Fljótandi hörundsáburður	Kína
Kaupás hf.	Hárvörur, sjampó og hárnæring	Bandaríkin
Rekstrarvörur ehf.	Hárvörur, sjampó og hárnæring	Bandaríkin
Halldór Jónsson ehf.	Hárvörur, sjampó og hárnæring	Kína

Eftirlitsferðir fóru fram dagana 14.-16. júní 2016. Við komuna á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem gert var grein fyrir verkefninu, umfangi þess og hlutverki Umhverfisstofnunar samkvæmt efnalögum og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1223/2009 sama heitis. Í bréfinu var einnig upplýst um að samantektarskýrsla um eftirlitsverkefnið yrði birt á heimasíðu stofnunarinnar að því loknu. Þá var einnig afhent kynningarefni um markaðsetningu snyrtivara til þess að upplýsa fyrirtækin um merkingar og innihaldsefni snyrtivara. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hafi farið fram.

Hjá hverju fyrirtæki voru skoðaðar allt að tíu vörur sem féllu undir umfang eftirlitsins og ljósmyndir teknar af umbúðunum og innihaldslýsingu þeirra.

Kannað var hvort þær innihéldu bönnuð paraben sem eru á bannlista skv. II. viðauka í reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Eftirlitsþegum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi um niðurstöðu eftirlitsins dagana 30. júní og 6. júlí.

## 4. Helstu niðurstöður

Í heildina voru 45 snyrtivörur skoðaðar með áherslu á augnfarða, fljótandi hörundsáburð, sjampó og hárnæringu og var fjöldi vara í hverju fyrirtæki á bilinu 1-10. Ekkert af fyrirtækjunum í úrtakinu reyndust vera að flytja inn snyrtivörur frá löndum utan EES sem innihéldu bönnuðu parabenin, þ.e. . bensýl-, ísóbútýl-, ísóprópýl-, pentýl- og fenýlparaben.

Viðbrögð fulltrúa fyrirtækjanna við eftirlitinu voru almennt jákvæð og þeir sýndu því mikinn áhuga þrátt fyrir að vera misvel upplýstir um bönnuðu parabenin sem til skoðunar voru.

Verkefninu lauk með því að eftirlitsþegum var sent málslokabréf þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðu eftirlitsins.

12. júlí 2016